ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Heimilisfræði, 6. bekkur

Kennari

Berglind Jack

sigurlina.berglind.jack@reykjavik.is

Lýsing

1x60 mínútur á viku.

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar

Markmið / inntak

Baka og læra að fylgja uppskriftum og útbúa einfalda rétti. Rætt um hollar lífsvenjur og næringu. Fjallað um ýmsar hættur á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir óhöpp og slys í eldhúsinu.

Námsefni

Tæki kennslueldhúss, Gott og gagnlegt og aðrar uppskriftir og efni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Að mestu leiti verkleg kennsla, hluti bókleg fræðsla.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi og verklagi í tímum.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar verk- og listgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá (listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)

Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar:

Matreiðsla: matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.

Vinnubrögð: unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld og skilið gildi viðeigandi frágangs.

Vinnuvernd: greint frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau.

Lífshættir: tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.

Næring: skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.

Hreinlæti: öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.

Kostnaður: gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.

Menning og umhverfi: sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.

Neytendur: skilið mismunandi umbúðamerkingar og þekki helstu geymsluaðferðir.

Menning: tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Kolefnisspor: áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor.

Textílmennt, 6. bekkur

Kennari	Lýsing
Jensína G. Hjaltadóttir	2x60 og 1x80 mínútur á viku.
jensina.gudrun.hjaltadottir@reykjavik.is	

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Megintilgangur list- og verkgreina er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Námsefni

Áhöld og efni textílstofu.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í textílstofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Verkleg kennsla.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi og verklagi í tímum sem og færni sem nemendur ná að tileinka sér.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar verk- og listgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar:

Verklag:

Getur beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.

Getur unnið úr fjölbreyttum textílefnum.

Getur unnið með einföld snið og uppskriftir.

Getur þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og getur beitt líkamanum rétt við vinnu sína.

Sköpun, hönnun og tækni:

Getur þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.

Getur útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar.

Menning og umhverfi:

Getur fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruefna og gerviefna.

Getur skilið helstu tákn og merkingar textílefna.

Leiklist, 6 bekkur

Kennari/ar

Nafn: Ingi Þór Þórhallsson
Netfang: ingi.thor.thorhallsson@reykjavik.is

Lýsing

5 kennslustundir á viku

Markmið / inntak

Í sviðslistum í 6. bekk er byggt áfram á þeim grunni sem lagður hefur verið í 5. bekk. Áhersla er áfram lögð á öruggt og hvetjandi námsumhverfi en nemendur eru hvattir til að taka aukna ábyrgð á eigin sköpun og samstarfi við aðra.

Nemendur vinna áfram með upphitun líkama og raddar, spuna og leikræna tjáningu en verkefni verða markvissari og flóknari. Meiri áhersla er lögð á persónusköpun, samspil, aðstæður, frásögn og uppbyggingu leikþátta.

Nemendur þjálfast í að hlusta á meðleikara, taka við hugmyndum og byggja áfram á þeim. Þeir vinna í litlum hópum að leikrænum verkefnum þar sem gerð er aukin krafa um skýrar persónur, söguþráð og framvindu.

Áhersla er lögð á að nemendur:

- Nýti upphitun líkama og raddar til undirbúnings leikrænni vinnu,
- Taki virkan þátt í spuna og samspili,
- Geti skapað og þróað einfalda leikpersónu,
- Nýti rödd og líkama með markvissari hætti,
- Taki þátt í að byggja upp leikþátt með persónum, aðstæðum og framvindu,
- Geti nýtt fjölbreyttar kveikjur við leikræna sköpun,

Taki ábyrgð á eigin framlagi í hópavinnu,

Geti rætt vinnu sína og annarra á uppbyggilegan hátt.

Náms- og matsþættir:
Sköpun og þróun leikþátta – 35%
Persónusköpun og leikræn tjáning – 35%
Samvinna, þátttaka og vinnubrögð – 30%

Námsefni

Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ekki er stuðst við eina ákveðna námsbók. Unnið er með verkefni og leiklistaræfingar frá kennara, spuna, persónusköpun og stutta leiktexta.

Notaðar eru meðal annars sögur, myndir, tónlist, aðstæður úr daglegu lífi og önnur kveikjuefni. Leikmunir, búningar og einfaldur sviðsbúnaður eru nýttir eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Hvernig og hvað er unnið í kennslustundum / tímabilum, loturum

Kennslan er verkleg og verkefnamiðuð. Kennslustundir hefjast reglulega á upphitun líkama, raddar og einbeitingar.

Unnið er með spuna, samspil, persónusköpun, hlutverkaleiki og leikræna frásögn. Nemendur vinna bæði í pörum og hópum og fá aukið sjálfstæði við þróun verkefna.

Kennari leiðir verkefni og veitir nemendum verkfæri til að þróa hugmyndir sínar en nemendur taka í auknum mæli ákvarðanir um innihald og útfærslu verkefna.

Verkefni eru reglulega sýnd innan hópsins og rædd með áherslu á uppbyggilega endurgjöf.

Námsmat

Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat er símat og byggir á vinnu nemenda í kennslustundum, þátttöku, samvinnu og framförum.

Horft er meðal annars til:

- virkni og þátttöku,
- sköpunar og hugmyndavinnu,
- getu til að byggja á hugmyndum annarra,

- radd- og líkamsbeitingar,
- persónusköpunar,
- skilnings á uppbyggingu einfalds leikþáttar,
- ábyrgðar og samvinnu í hópverkefnum,
- hæfni til að taka leiðsögn og þróa verkefni áfram,
- virðingar fyrir vinnu annarra.

Námslotur

Samspil og spuni
Upphitun, hlustun, einbeiting, spuni og að byggja áfram á hugmyndum annarra.

Persónusköpun
Unnið með líkama, rödd, hreyfingu, aðstæður og samskipti persóna.

Saga og uppbygging leikþáttar
Unnið með persónur, upphaf, framvindu, átök og endi.

Frá kveikju að leikþætti
Nemendur vinna í hópum að leikrænu verkefni út frá ákveðinni kveikju og þróa hugmyndina yfir í stutt atriði.

Sýning og endurgjöf
Nemendur sýna verkefni sín og ræða eigin vinnu og annarra með uppbyggilegum hætti.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Nemandi geti:

- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar
- sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu
- rætt um leikið efni á sviði og í myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag

- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum
- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar

---

Sjónlistir, 6. bekkur

Kennari

Nafn Elín Helena Evertsdóttir
Netfang Elin.Helena.Evertsdottir@reykjavik.is

Lýsing

1 x 60 mínútur í viku

Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat.
Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Megintilgangur list- og verkgreina er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handa með mismunandi tjáningaraðferðum.

Nemendur teikna og mála myndir, gera klippimyndir og vinna leirverk. Þeir gera m.a. tilraunir með litapallettur, teikna eftir fyrirmyndum og læra um tveggja punkta fjarvídd. Fjallað er um myndlistarfólk og sýnd listaverk eftir þau. Kennd eru hugtök og heiti eftir því sem við á.

Námsefni

Ýmsar listaverkabækur, glærur og vefsíður.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer fram í myndmenntastofu. Árganginum er blandað saman í hópa. Að mestu leiti verkleg kennsla, sýnikennsla og umræður.

Námsmat

Vinnan er metin út frá vinnusemi, verklagi í tímum, færni sem að nemendur hafa náð og umgengni.

Námslotur

Námsgreinin er kennd í lotukerfi og er í tengslum við aðrar list og verkgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar.

Sköpun

Aðferðir og efni

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.

Úrvinnsla og tækni

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.

Vinnuferli

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.

Hugmyndavinna

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.

Greining og úrvinnsla

Tjáning

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.

Umfjöllun og endurgjöf

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.

Greining og samhengi

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.

Hugtök

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.

Menning og umhverfi

Aðferðir og nálgun

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.

Tilgangur og samhengi

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.

Stefnur og straumar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.
